

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Tillaga um framlengingu tilraunaverkefnis um ný íbúaráð

Á fundi borgarráðs þann 12. nóvember 2020 var lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 9. nóvember 2020, sbr. samþykkt stýrihóps um innleiðingu íbúaráða á tillögu um framlengingu á tilraunaverkefni um ný íbúaráð til 1. júlí 2021, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tilraunaverkefni með níu íbúaráð hófst haustið 2019 og átti að standa til ársloka 2020. Meginhluta starfstíma þeirra hefur starfsemi íbúaráða raskast vegna COVID-19 og neyðarstígs almannavarna. Fundum hefur fækkað og þeir haldnir með fjarfundi. Mikilvægt er talið að verkefnið fái lengri tíma til innleiðingar, svo að stýrihópurinn geti lagt heildstætt mat á tilraunaverkefnið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Tillaga um framlengingu tilraunaverkefnis um ný íbúaráð er lögð fram í borgarráði. Fulltrúi Flokks fólksins telur að íbúaráðin hljóti að vera komin til að vera. Þau hafa mikilvægu hlutverki að gegna og ekki síst að vera tengiliður borgarbúa og stjórnkerfis. Kynna þarf rækilega að fundir íbúaráða eiga að vera opnir borgarbúum, um leið og COVID ástandinu lýkur. Fulltrúi Flokks fólksins fýsir að vita hversu mikil þátttaka borgarbúa er á fundum/streymi.

Helga Björk Laxdal
e.u.